

Retrierverdeild HRFÍ



Skýrsla stjórnar 2023

Lögð fram á ársfundi deildarinnar 15. febrúar 2024
á Melabraut 17



Stjórn og nefndir

Ræktunarstjórn

Sunna Birna Helgadóttir (formaður)
Karl Andrés Gíslason (gjaldkeri)
Kjartan Lorange
Erla Heiðrún Benediktsdóttir
Óli Þór Árnason (ritari)

Vinnu- og Veiðinefnd

Þorsteinn Hafþórsson (formaður)
Ævar Valgeirsson
Víðir Lárusson
Dagný Hinriksdóttir
Finnbogi Llorens
Gísli Már Árnason
Guðlaugur Guðmundsson
Guðmundur Ragnarsson
Gunnar Örn Arnarson
Jón Hörður Elíasson
Sigurður B Sigurðsson

Sýninganefnd

Óli Þór Árnason (formaður)
Sólrún Dröfn Helgadóttir
Sunna Birna Helgadóttir
Unnur Olga Ingvarsdóttir
Thelma Dögg Freysdóttir
Eva Björg Bragadóttir
Svava Guðjónsdóttir
Alda Gyða Úlfarsdóttir

Skemmti- og göngunefnd

Íris Erlingsdóttir

Básanefnd

Óli Þór Árnason

Vefsíðunefnd

Olgeir Gestsson (formaður)
Sólrún Dröfn Helgadóttir
Andrés Ævar Grétarsson

Heilbrigðisnefnd

Sesselja Sigurðardóttir (formaður)
Erla Heiðrún Benediktsdóttir
Sigrún Guðlaugardóttir

Deildin

Retrieverdeildin er hópdeild innan HRFÍ sem fer með málefni Retrieverhunda í tegundahópi 8. Í febrúar 2024 voru skráðir 4143 (+289 frá í fyrra) hundar á lífi af 4 tegundum í gagnagrunni deildarinnar;

- 41 Nova Scotia Duck Tolling Retriever (+0)
- 63 Flat-coated Retriever (+10)
- 615 Golden Retriever (+68)
- 3424 Labrador Retriever (+211)

Allir retriever eigendur sem greiða félagsgjöld til HRFÍ teljast virkir félagsmenn.

Starfsemi

Á síðasta starfsári hélt deildin 12 veiðipróf sem er aukning um 2 próf frá árinu 2022 og voru skráningar í heildina 151, það er 37% aukning á milli ára í skráningum. 2 erlendingar dómaraar dæmdu 4 próf. Öll próf voru vel sótt. Breyta þurfti staðsetningum einhverra prófa vegna vatnsskorts sem hafði áhrif á gæði þeirra svæða sem notast átti við. Tveir viðburðir féllu niður, Working Test sem vera átti í mars og svo Meistarakeppni deildarinnar, skammur fyrirvari á breyttum veiðitíma á rjúpu orsakaði það að fyrsta veiðihelgin hitti á Meistarakeppnis helgina, ákvörðun um að fella hana niður var því tekin.

Deildin stóð fyrir tveimur sýningum þar sem 195 hundar voru skráðir til leiks. Deildarsýning í maí og jólasýning í desember, þær heppnuðust báðar vonum framar. Sýningarþjálfanir voru á sínum stað fyrir sýningar og voru 19 talsins á síðasta ári. Sýninganefnd hélt sýninganámskeið með hinni sænsku Fanny Hellström de Wolf.

Ræktunarráð

Ræktunarráði bárust nokkrar beiðnir um aðstoð við að uppfylla heilsufarskröfur og mögulega rakka til undaneldis og var þeim öllum svarað.


Got á árinu

Skráðir hvolpar í ættbók hjá HRFÍ árið 2023 voru:

259 Labrador hvolpar úr 44 gotum, sem er 14 gotum og 159 hvolpum færri en 2022.

73 Golden hvolpar úr 13 gotum, en það eru 13 hvolpum og 5 gotum fleiri en árinu áður. 1 got var hjá 10 Flat-coated hvolpar úr 1 goti sem er sami fjöldi gota og í fyrra.

Engin breyting varð á Toller stofninum árið 2023.



Mynd 1. Fæðingarár ættbókarskráðra Labrador, Golden, Flatcoated og Toller Retriever frá upphafi

Innflutningur

Fluttir voru inn 10 Labrador Retriever, 5 Golden Retriever árið 2023.

Veiðinefnd

Veiðinefnd hélt nokkra fundi, það urðu nokkrar mannabreytingar í nefndinni á árinu og nýr formaður tók við. Skipulagðir voru 14 viðburðir árið 2023, 12 veiðipróf ásamt vinnuprófi og Meistarakeppni. Því miður varð að fella út bæði vinnuprófið og Meistarakeppni vegna þátttöku. 12 veiðipróf voru haldin og var þátttaka í þeim mjög góð. Nefndin fór í að samlesa núverandi norsku veiðiprófsreglurnar við þær

Íslensku, en þær voru notaðar sem grunnur að reglum deildarinnar. Þeirri vinnu er lokið og verður niðurstaðan borin undir aðalfund. Að lokum lagði nefndin fram dagskrá veiðiprófa fyrir árið 2024 fyrir stjórn.

Mjaðma- og olnbogamyndir

Þrjár tegundir voru mjaðma- og olnboga myndaðar á árinu, labrador, golden og flat coated retriever. Niðurstöður myndanna má lesa í töflu 1 hér að neðan en þessar niðurstöður þarf líkt og áður að taka með þeim fyrirvara að það er ábyrgð eigenda myndaðra hunda að skila niðurstöðum inn til skrifstofu HRFÍ sem síðan skilar niðurstöðunum inn til deildarinnar.

Mjaðma- og olnbogamyndir 2023											
	Niðurstöður mjaðmamýnda (HD)					Samtals	Niðurstöður olnbogamynda (ED)				Samtals
	Fríir	C	D	E	Fríir		C	D	E		
Labrador	40	13	1	0	54	49	2	0	0	51	
Golden	13	8	1	0	22	17	2	1	0	20	
Toller	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	
Flat-coted	2	0	0	0	2	2	0	0	0	2	

Tafla 1. Niðurstöður myndataka 2023

Augnskoðanir

Þrjár augnskoðanir voru framkvæmdar á vegum HRFÍ á árinu og má sjá allar niðurstöður úr þeim niðurstöður má sjá á töflu 2. 147 hundar voru augnskoðaðir 2023. Breyting er á því sem áður var eftir að augnskoðanir urðu rafrænar og deildar meðlimir urðu að skila inn niðurstöðum sjálfir til að fá þær inn á heimasíðu að núna berast upplýsingar beint til vefstjóra svo tölfræðin er orðin áreiðanlegri og betri.

Augnskoðanir 2023								
	Fríir	Fríir m. Athugas	Cataract	Distichiasis	Retinal displasi	Annað	Dystrophí	Samtals
Labrador	94	3	7	2	2	5	3	116
Golden	23	3	3	0	0	2	0	31
Flat Coated	0	0	0	0	0	0	0	0
Nova Scotia Duck Toller	0	0	0	0	0	0	0	0
Samtals	117	6	10	2	2	7	3	147

Tafla 2. niðurstöður úr augnskoðunum 2023

Heilbrigðisnefnd

Heilbrigðisnefnd deildarinnar missti aðeins móðinn á árinu enda fékk söfnun á DNA niðurstöðum fyrir EIC dræmar undirtektir og lítið skilaði sér til nefndarinnar. Við stofnun hennar og að fengnu álitni vísindanefndar HRFÍ var lagt upp með að safna EIC niðurstöðum til þriggja ára til að hægt sé að meta tíðni stökkbreytingarinnar í stofninum. Til þess að matið sé marktækt er mikilvægt að niðurstöður berist frá öllum prófuðum hundum, hverjar svo sem niðurstöðurnar kunna að vera. Það gefur auga leið að ef eingöngu eru sendar inn niðurstöður fyrir þá hunda sem ekki eru berar er lítið mark takandi á matinu, það sama á við um ef ræktendur eru almennt ekki viljugir til að taka þátt. Nefndin hefur því tekið ákvörðun um að leggja til að kosið verði um það á næsta ársfundi hvort skylda eigi DNA prófun fyrir ræktun.

Niðurstöður DNA prófa fyrir EIC og aðra sjúkdóma sem prófað er fyrir má sem fyrr senda á netfangið retrieverheilbrigdi@gmail.com

Nefndin vinnur hægt en örugglega að því að taka saman upplýsingar um erfðasjúkdóma og setja á heimasíðu deildarinnar. Í febrúar var mænuhrönnunarsjúkdómnum Degenerative Myelopathy (DM)

bætt á síðuna. Næst munu detta inn upplýsingar um arfgenga vaxandi sjónrýrnun (PRA). Ef deildarmeðlimir hafa sérstakar óskir um upplýsingar um ákveðna sjúkdóma má senda beiðni þar um á netfangið retrieverheilbrigdi@gmail.com

Sýningarnefnd


Sýningarnefnd stóð fyrir sýningaþjálfunum fyrir báðar deildarsýningarnar og allar HRFÍ sýningar ársins sem voru flestar mjög vel sóttar. Inni æfingarnar voru flestar haldnar í nýju húsnæði HRFÍ en á meðan gólfín voru lögð vorum við með æfingu í Blíðubakkahöllinni í Mosfellsbæ. Allar inniæfingarnar voru skilyrtar og skráningaskyldar fyrir Retrieverhunda nema ef þær fylltust ekki leyfum við öðrum tegundum að koma líka..

Sýningar

6 sýningar voru haldnar á vegum HRFÍ, ásamt hvolpasýningu nú haust og voru þær mjög vel sóttar af deildarmeðlimum. Tvær deildarsýningar voru haldnar á árinu, í maí á Víðistaðatúni í Hafnarfirði þar sem ríflega 100 hundar mættu og svo Jólasýningin 29 desember í sal HRFÍ þar sem 95 hundar voru skráðir. Báðir viðburðir tókust mjög vel og fylltist á Jólasýninguna löngu áður en lokafrestur rann út. Petmark gaf vegleg verðlaun á deildarsýningunum og deildin sjálf gaf rósettur. Deildin gaf rósettur á nokkrum sýningum HRFÍ að auki, BOS á þeim flestum en einnig fyrir besta hvolp, besta ungliða og besta öldung á síðustu sýningu ársins. Mikil gróska er í sýningarlífi deildarinnar og hefur verið mjög góð mæting á flestar sýningarþjálfanir deildarinnar.

ÁR	HV.4-6	HV.6-9	ULFL	UHFL	OFL	VFL	MFL	ÖFL	SAMTALS
2005 (4 SÝN)	18	15	40	31	39	0	6	6	155
2006 (3 SÝN)	9	12	51	53	62	0	2	5	194
2007 (4 SÝN)*	21	23	22	59	108	0	0	4	237
2008 (4 SÝN)	8	24	52	23	98	10	1	0	216
2009 (5 SÝN)*	19	14	87	52	138	2	11	2	325
2010 (5 SÝN)*	29	41	83	39	149	10	15	5	371
2011 (5 SÝN)*	22	36	55	65	148	4	13	5	348
2012 (4 SÝN)	33	43	68	46	111	1	22	4	328
2013 (5 SÝN)*	32	27	78	67	143	20	34	4	405
2014 (6 SÝN)*	32	23	69	45	155	28	56	13	421
2015 (8 SÝN)*	24	42	61	67	141	25	62	16	438
2016 (6 SÝN)*	56	22	99	47	121	7	54	21	427
2017 (6 SÝN)*	53	46	136	48	168	10	51	19	531
2018 (7 SÝN)*	55	43	100	82	154	12	42	34	522
2019 (7 SÝN)*	44	53	122	43	214	7	38	29	550
2020 (1 SÝN)	10	23	21	12	27	0	12	7	112
2021 (4 SÝN)*	53	51	95	55	112	19	23	25	433
2022 (7 SÝN)**	64	105	197	112	241	7	47	39	812
2023 (9 SÝN)**	81	82	197	96	194	7	59	25	741

Tafla 3. Þátttaka retrieverhunda í sýningum árin 2005-2023, skipt eftir flokkum. * = deildarsýning.



Mynd 2. Þátttaka retrieverhunda í veiðiþrófum og sýningum frá 1995 – 2023.

Veiðiþróf

12 Veiðiþróf voru haldin á vegum deildarinnar á starfsárinu og 151 luku prófi. Tveir erlendir dómarmar dæmdu fyrir okkur á árinu 2023, Bjarne Holm frá Noregi dæmdu tvö próf við Villingavatn á Hringatjörnum. Morten Egeberg einnig frá Noregi dæmdu síðan tvö próf við Murneyrar. Petmark styrkti komu eins dómara til landsins ásamt því að gefa vinninga og verðlaun á prófum ársins. Íslenskir dómarmar stóðu vaktina ýmist sem dómarmar eða fulltrúar á prófum ársins sem fyrr. Við þökkum Sigurði Magnússyni, Margréti Pétursdóttur, Sigurmoni Marvin Hreinssyni, Kjartani Lorange, Þórhalli Atlasyni sem jafnframt var að dæma sitt fyrsta prófár eftir að hafa öðlast réttindin 2022 og svo Halldóri Garðari Björnssyni sem eftir áratuga langt starf sitt sem dómari hefur lokið störfum sem dómari. Halldór Garðar er jafnframt okkar fyrsti menntaði dómari og vill Retrieverdeildin þakka honum fyrir sitt framlag til starfsins öll þessi ár, takk Dóri! Einnig ber að þakka öllu því duglega fólki sem hefur komið að störfum við framkvæmdir veiðiþróf. Þetta er óeigingjarnt starf, oft á tíðum við afar erfiðar aðstæður, takk fyrir ykkar framlag til starfsins.

Frá upphafi veiðiþrófa árið 1995 hafa 249 próf verið haldin og alls 2.859 þátttökur. 9 stjórnendur og 16 Labrador hundar þreyttu sitt fyrsta próf á árinu. Níu íslenskir dómarmar hafa dæmt alls 168 próf frá upphafi en 31 erlendir dómarmar hafa dæmt 81 próf.

Meistarar

8 Labradorar hlutu meistaranaufnbót á árinu 2023

ISFTCh Kola, eigandi Elías Elíasson

ISFTCh OFLW-21 BFLW-20 Aðalbóls Ljósavíkur Amy Jazzhouse, eigandi Þorsteinn Hafþórsson

C.I.E. ISShCh ISJCh RW-18 Hrísnés Ugla II, eigandi Anna Ingvarsdóttir

ISVETCh NORDICCh C.I.E. C.I.B. ISCh ISJCh OB-1 ISW22 Hrísnés Skuggi II, eigandi Óli Þór Árnason

ISSHCH ISW22 RW23 Dolbia Marlberry, eigendur Erla Heiðrún Benediktsdóttir og Guðmundur R. Árnason

ISSHCH Vetrarstorms Tyson, eigandi Gylfi Þór Gylfason

ISVetCH Stekkjardals I Want To Break Free, eigandi Marta Sólveig Björnsdóttir

ISSHCH ISVetC AIII Hail The King Peter's Gang, eigandi Rósa Kristín Jensdóttir

10 Golden hlutu meistaranaþnfót á árinu 2023

JChSLO ISCh Camelot Of Falcon Claw, eigandi Sunna Birna Helgadóttir

ISJCH Burnt Sienna Della Val D'Aveto, eigendur Guðni B. Guðnason og Ásta Björnsdóttir

ISJCH Engjasóleyjar Snót, eigandi Ágúst Jóhannsson

ISJCH Golden Magnificent Fine Line, eigandi Sunna Birna Helgadóttir

ISJCH Golden Magnificent Higher Power, eigandi Sunna Birna Helgadóttir

ISCH Glamour Shine Not Your Average, eigandi Sunna Birna Helgadóttir

ISSHCH Majik For Your Eyes Only, eigandi Sunna Birna Helgadóttir

ISSHCH NORDICCH Majik Young At Heart, Sunna Birna Helgadóttir

C.I.E. ISShSh EjCh Ech PTCh ISVETCh Heartbreaker De Ria Vela, eigandi Guðni B. Guðnason

ISVetCH Wonder Gold Atlas, eigandi Helena Jónsdóttir

Stigahæstu hundar 2023

Reiknuð voru stig fyrir frammistöðu hunda á veiðiprófum ársins og voru stigahæstu hundar:

1. ISFTCH OFLW-19 FTW-20,23 Heiðarbóls Dimma með 70 stig
2. ISFTCH BFLW-20 OFLW-21 Aðalbóls Ljósavíkur Amy Jazzhouse með 45,1 stig
3. Ljónshjarta Lea með 42,8 stig

Reiknuð voru stig fyrir frammistöðu hunda á sýningum ársins og voru stigahæstu hundar:

Labrador

ISSHCH Vetrarstorms Tyson

Ungliði – Jökulrósar Máni og Jökulrósar Úlfur

Öldungur – C.I.E. RW-19 ISShCh ISVetCh Ciboria's Oliver

Golden

ISCh Majik Young At Heart

Ungliði – ISJCH Golden Magnificent Fine Line

Flat Coated Retriever

Norðan Heiða Vök

Ungliði – Norðan Heiða Vök

Nova Scotia Duck Tolling Retriever

ISShCh ISJCh RW-19-22 Heimsenda Öngull

Deildarsýningar 2023

Á árinu 2023 voru haldnar 2 deildarsýningar. Sú fyrri var þann 14. maí og hin seinni 29. desember. Sú fyrri var haldinn úti á Víðistaðatúni en Jólasýningin í sal HRFÍ. Lene Grönholm sá um veitingasölu á Jólasýningunni og skapaði það góða stemningu að hafa vöflur og kakó og fleira til að gæða sér á. Góð reynsla er komin að því að hafa tvo dómara og auðvitað ekki annað hægt með allan þann fjölda af retriever hundum sem skrá á sýningar, en salur HRFÍ leyfir ekki tvo hringi svo það var takmarkandi hve margir gátu skráð sig, en engu að síður gengu báðar sýningar mjög vel. Áfram verður reynt að dreifa því hvaðan dómara koma þ.e. af meginlandinu, Skandinavíu eða Bretlandseyjum.

Þær Eirin Bekkelien frá Noregi og Anna Gerschwindt Eriksson frá Svíþjóð komu og dæmdu á maí sýningunni. Svo var það Andrzej Stepinski frá Póllandi sem dæmdi allar tegundir á Jólasýningunni.

Tveir nýir farandbikarar fyrir labrador voru teknir upp á árinu og var það Guðrún Björg Ragnarsdóttir sem gaf bikar fyrir vorsýninguna og þær Erla Heiðrún Benediktsdóttir og Marta Sólveig Björnsdóttir sem gáfu fyrir jólasýninguna og kunnum við vel að meta það.

Petmark lánaði búnað og gaf vegleg verðlaun á báðar sýningarnar og erum við afar þakklát fyrir það.

Heimasíða

Heimasíðan deildarinnar er sem fyrr mikilvæg í starfinu og ómetanleg fyrir okkur sem höfum áhuga á að skoða árangur og framgang tegunda innan retriever grúppunnar. Olgeir Gestsson ber hita og þunga af henni sem fyrr og hefur nú gert í 26 ár. Með honum er einnig vefsíðunefnd sem sér meðal annars um að koma inn úrslitum sýninga.

Ekki má gleyma facebook síðunni okkar en hún er mjög virk.

Heimasíðunefnd og stjórnarmeðlimir hafa kappkostað að koma niðurstöðum prófa og sýninga sem fyrst inn á síðuna. Stjórn þakkar Olgeiri Gestssyni vefstjóra sérstaklega fyrir förnfúst starf og útsjónarsemi í að halda síðunni gangandi og bæta við hana því sem kemur upp hverju sinni.

Dagskrá 2024

Dagskrá 2024 og fjárhagsáætlun fyrir veiðipróf og vinnupróf var samþykkt af stjórn HRFÍ og var dagskráin birt í febrúar á heimasíðu og facebook síðu deildarinnar.

Starfið 2024 verður með hefðbundnu sniði. Þrjár helgar með tveimur prófum og tvær helgar sem verða dæmdar af erlendum dómurum. Búið er að bjóða Lars Norgard og Ragnhild Hammelbo að koma að dæma og hafa þau bæði samþykkt. Stefnt er að halda meistarakeppnina 2024 með svipuðum hætti og fyrr.

Deildarsýningar eru á dagskrá þann 18. maí og 28. desember. Sýningaþjálfanirnar verða á sínum stað og verða alltaf 2-3 fyrir hverja sýningu.

Dagskrá 2024

Veiðipróf

próf nr.	Dags	Skráning opnar	Staður	Dómari	Fulltrúi HRFÍ	Prófstjóri
202401	Lau.13.04.2024	(20.03.2024, kl. 07.00)	Straumur	Þórhallur Atlason	Margrét Pétursdóttir	Heiðar Sveinsson
202402	Lau.27.04.2024	(03.04.2024, kl. 07.00)	Seltjörn	Sigurmon M. Hreinsson	Kjartan I. Lorange	Gísli Már Árnason
202403	Lau.11.05.2024	(17.04.2024, kl. 07.00)	Tjarnhólar	Sigurður Magnússon	Margrét Pétursdóttir	Ævar Valgeirsson
202404	Lau.01.06.2024	(15.05.2024, kl. 07.00)	Sílatjörn	Kjartan I. Lorange	Sigurður Magnússon	Guðlaugur Guðmundsson
202405	Sun.02.06.2024	(15.05.2024, kl. 07.00)	Bláfinnsvatn	Margrét Pétursdóttir	Sigurmon M. Hreinsson	Víðir Lárusson
202406	Lau. 22.06.2024	(29.05.2024, kl. 07.00)	Berjaklökk við Eyjafjörð	Ragnhild Hammelbo	Kjartan I. Lorange	Sigurður og Fanney
202407	Sun.23.06.2024	(29.05.2024, kl. 07.00)	Berjaklökk við Eyjafjörð	Ragnhild Hammelbo	Kjartan I. Lorange	Sigurður og Fanney
202408	Lau. 13.07.2024	(19.06.2024, kl. 07.00)	Draugatjörn	Sigurmon M. Hreinsson		Dagný Hinriksdóttir
202409	Lau.17.08.2024	(24.07.2024 kl. 07.00)	Villingavatn/Hringatjarnir	Lars Norgard	Sigurður Magnússon	Gunnar Örn Arnarson
202410	Sun.18.08.2024	(24.07.2024 kl. 07.00)	Villingavatn/Hringatjarnir	Lars Norgard	Sigurður Magnússon	Guðmundur Ragnarsson
202411	Lau. 07.09.2024	(14.08.2024, kl. 07.00)	Hnjúkatjörn/ Blönduós	Kjartan I. Lorange	Þórhallur Atlason	Þorsteinn Hafþórsson

Lokaorð

Árið 2023 var ágætt ár og nóg í boði að gera fyrir retrieverhunda að venju. Góð mæting var á alla viðburði deildarinnar og voru retrieverhundar duglegir að mæta í hlýðniþróf, spor og rallyhlýðni svo fátt eitt sé nefnt. Erlendur sýningaþjálfari kom og hélt námskeið fyrir deildina sem var mjög vel heppnað og það var gott að fá nýja sýn inn í þjálfunina fyrir sýningar.

Retrieverdeildin stækkar jafnt og þétt og erum við langstærsta deildin og er það frekar óheppilegt hversu fáir skila sér inn í störf deildarinnar. Örfáir aðilar sjá um að bera alla viðburði uppi og er það sorgleg staðreynd þegar litið er til fjölda fólks sem er í deildinni og tekur þátt í viðburðum. Vonandi sjá fleiri sér fært árið 2024 til að starfa fyrir deildina til þess að geta haldið okkar öfluga starfi áfram. Öll störf á vegum deildarinnar eru unnin í sjálfböðavinnu og allt sem er gert er til þess að hafa gaman af og auka samveru með hundunum okkar. Að starfa innan deildarinnar er skemmtilegt og gefandi og fylgir því einnig skemmtilegur félagsskapur af fólki með sama áhugamál. Störfin eru mörg og það er klárlega pláss fyrir alla áhugasama í nefndum deildarinnar. Við hvetjum alla félagsmenn til að gefa kost á sér í nefndir til þess að við getum látið starfsemina blómstra áfram.

Styrktaraðilar starfsins 2023 voru Petmark ásamt Hyundai og Bendi. Nýr samningur var gerður við Petmark í haust og gildir hann næstu 2 árin.

Að lokum óskum við öllum þeim sem hafa náð árangri með hundana sína á árinu til hamingju, bjóðum nýja meðlimi velkomna og vonumst eftir góðu samstarfi með deildarmeðlimum í starfi og leik í ár.

Reykjavík 15. febrúar 2024

Sunna Birna Helgadóttir
Formaður Retrieverdeildar HRFÍ

Retrieverdeild HRFÍ (kt. 610809-0490) Bankareikningar (0322-26-010809, 0370-22-060059)

Rekstrarreikningur 2023

	Gjöld	Tekjur
Styrkir		410.000
Veiðipróf *	-576.432	719.226
Deildarsýning	-528.778	369.890
Jólasýning *	-396.608	287.376
Sýningarþjálfun *	-72.233	248.000
Sýninganámskeið 1	-510.635	372.000
Sýningarnámskeið 2	-72.000	48.000
Retriever húfur		18.000
Heiðrun og ársfundur	-17.876	
Vefsíða	-125.765	
Bráð	-128.000	
Rósettur fyrir HRFÍ sýningar	-31.000	
Viðgerð á tölvu vefstjóra	-51.790	
Nefndarkostnaður	-22.281	
Vextir og fjármagnstekjuskattur	-17.348	78.854
Samtals	-2.550.746	2.551.346

Rekstrarhagnaður deildarinnar árið 2023 er kr. 600.

Retrieverdeild stóð fyrir eftirfarandi viðburðum á árinu. 2 deildarsýningar þar sem 193 hundar voru skráðir, 12 veiðipróf þar sem 151 hundur voru skráðir, 2 sýningarnámskeið ásamt sýningarþjálfunum fyrir allar sýningar á árinu.

* Við lok rekstrarárs þann 31.12.2023 voru tvær ógreiddar kröfur frá HRFÍ vegna veiðiprófa 2023 (719.226) og jólasýningar (278.255). Óuppgerðar kröfur á deildina vegna jólasýningar voru samtals 138.692 og sýningarþjálfunar 9.000. Við gerð ársreiknings þann 7.2.2024 hafa allar útistandandi kröfur verið greiddar og er félagið skuldlaust.

Áramóta staða reikninga þann 31.12.2023 var kr 1.552.146 (1.500.224 á bankabók 0370-22-060059, 51.922 á bankabók 0322-26-010809). Hrein eign Retrieverdeildar HRFÍ við gerð ársreiknings þann 7. febrúar 2024 er kr 2.354.776.

Reykjavík, 7. febrúar 2024

Fyrir hönd stjórnar Retrieverdeildar HRFÍ

Karl Andrés Gíslason, Gjaldkeri